

**Ed.**

**488. Nefndarálit**

[210. mál]

um frv. til 1. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi um frv. Umsagnir hafa borist frá bifreiðatryggingafélögum svo og Félagi isl. bifreiðaeigenda og Tryggingaeftirliti ríkisins. Nefndin var samdóma um hækkun váttryggingarfjárhæða skv. 1. gr. frv. Hins vegar þótti eðlilegt að miða sjálfhábyrgðina við 2% af váttryggingarfjárhæð í stað 2½%, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá leggur nefndin til, að 2. gr. frv. (umferðarráðsgjaldið) falli niður.

Sjálfhábyrgðarákvæðið er í lögum nr. 23 3. maí 1972, og ofangreind brtt. er við þá löggjöf. Þess vegna þarf að bæta við fyrirsögn frv. í samræmi við það.

Breytingartillögur sínar flytur nefndin á sérstöku þingskjali.

Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frv.

Alþingi, 13. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson,  
form., frsm.

Geir Gunnarsson,  
fundaskr.

Oddur Ólafsson.

Halldór Blöndal.

Bjarni Guðbjörnsson.

Ásgeir Bjarnason.

Eggert G. Þorsteinsson.